

Nr. 095 / 13 Baldur***Farþegi slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2727
Smíðaður: Þýskalandi 1970, stál
Stærð: 925,1 brl. 1369,4 bt.
Mesta lengd: 63,25 m Skráð lengd: 58,72 m
Breidd: 12 m Dýpt: 3,8 m
Vél: M.A.K. 1836 kW, 1970
Fjöldi skipverja: 9
Fjöldi farþega:



Baldur ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2013 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Pann 19. júní 2013 var Baldur á siglingu á Breiðafirði. Veður: Gott.

Á siglingunni hrasaði farþegi í stiga stjórnborðsmegin milli sólarþilfars og bátapilfars með þeim afleiðingum að hann brotnaði á hægri úlnlið.

Við rannsókn kom fram:

- að farþeginn var á leiðinni niður stigann og kvaðst hafa misstigið sig í þriðju tröppu neðan frá;
- að um var að ræða járnstiga með gúmmíkanti og var hann þurr þegar atvikið átti sér stað. Hæðin frá þilfari upp að þriðja þrepi er 49 sm.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.